



Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð

Tjarnargötu 11
105 REYKJAVÍK

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að styðja við íþróttafélög í Reykjavík að koma á fót rafíþróttadeildum

Á fundi borgarstjórnar 2. apríl 2019 var samþykkt að vísa svohljóðandi tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins til meðferðar menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs:

Borgarstjórn samþykkir að styðja við íþróttafélögin í Reykjavík að koma á fót rafíþróttadeildum innan félaganna. Þannig er lagt til að borgin styðji við og styrki þau félög sem hafa hug á að koma á fót rafíþróttadeildum. Þá er jafnframt lagt til að iðkendur geti nýtt sér frístundakort Reykjavíkur líkt og með aðrar íþróttagreinar í samræmi við reglur um frístundakortið. Menningar-, íþrótt- og tómstundaráði Reykjavíkurborgar verði falin nánari útfærsla á stuðningi borgarinnar við íþróttafélögin.

Það tilkynnist hér með.
Greinargerð fylgdi tillögunni.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata, Miðflokksins og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Vinsældir rafíþróttar hafa vaxið mikið um allan heim. Hér eru heilmikil sóknarfæri fyrir hendi til að draga úr félagslegri einangrun sumra barna og ungmenna, finna ástríðu og áhugamálum þeirra farveg undir leiðsögn og tengja þau betur í annað íþrótt- og tómstundastarf í borginni. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata, Miðflokksins og Vinstri grænna í borgarstjórn eru sammála um að eðlilegt sé að börn geti nýtt frístundakort í rafíþróttum, rétt eins og í öðru skipulögðu íþróttastarfi. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata, Miðflokksins og Vinstri grænna eru sammála um að styðja við viðleitni íþróttafélaga, eða annarra, sem hyggjast bjóða upp á rafíþróttir í tengslum við starf sitt. Tillögu Sjálfstæðisflokksins er vísað til menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs til frekari úrvinnslu.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Flokkur fólksins veit að rafíþróttir eru komnar til að vera og hafa án efa fjölmarga kosti og mikið skemmtanagildi. Engu að síður eru nokkrar áhyggjur af börnum sem eru í áhættu fyrir tölvufíkn og/eða glíma við hreyfingarleysi. Áhyggjur eru af unglingum sem vilja ekki víkja frá tölvunum til að fara í skólann eða til að stunda hreyfingu sem er öllum börnum og unglingum mikilvægt. Rafíþróttir eru jú setuþrótt.

Flokkur fólksins metur það að ætlunin er að styrkja keppendur í íþróttinni með líkamlegum æfingum. Hvað varðar notkun frístundakorts í þessu samhengi vill Flokkur fólksins að frístundakortið sé ekki hvað síst notað til að hvetja börn og unglinga til hreyfingar og útiveru af hvers lags tagi. Til þess þyrfti að útvíkka reglur kortsins umtalsvert. Eins og staðan er nú er t.d. ekki hægt að nota frístundakortið til kaups á sundkorti því sú tillaga Flokks fólksins hefur verið nýlega felld í borgarráði. Nauðsynlegt er því að áréttta að breyta þarf notkunarmöguleikum frístundakostsins svo m.a. verði hægt að nota þau á niðurgreidd sumarnámskeið á vegum borgarinnar eða félaga, aðeins er undanþága að nota þau vegna sumarnámskeiða fyrir fatlaða í Reykjadal.



Helga Björk Laxdal
e.u.

Hjálagt:
Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins

Borgarstjórn

2. apríl 2019

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að styðja við íþróttafélög í Reykjavík að koma á fót rafíþróttadeildum innan félaganna

Borgarstjórn samþykkir að styðja við íþróttafélögin í Reykjavík að koma á fót rafíþróttadeildum innan félaganna. Þannig er lagt til að borgin styðji við og styrki þau félög sem hafa hug á að koma á fót rafíþróttadeildum. Þá er jafnframt lagt til að iðkendur geti nýtt sér frístundakort Reykjavíkur líkt og með aðrar íþróttagreinar í samræmi við reglur um frístundakortið. Menningar-, íþrótt- og tómstundaráði Reykjavíkurborgar verði falin nánari útfærsla á stuðningi borgarinnar við íþróttafélögin.

Greinargerð

Þátttaka barna og ungmenna í íþróttastarfi getur haft mjög jákvæð áhrif á félagsfærni barna, ekki síst til framtíðar lítið. Rannsóknir hafa sýnt fram á þessi jákvæðu tengsl en nauðsynlegt er að börn fái þjálfun í félagsfærni enda getur slík færni hjálpað þeim á öllum stigum lífsins, bæði í leik og starfi.

Frásagnir af börnum sem einangra sig félagslega, eru heima í tölvunni og geta jafnvel ekki slitið sig frá henni eru orðnar mun algengari en áður var. Ástæða er til að ætla að tíðari fregnir af slíkum tilfellum muni berast um samfélagið, enda fleygir tækninni fram á ógnarhraða og tölvutæknin orðin órjúfanlegur hluti af lífi fólks nú til dags.

Byltingarkennd og hröð tækniþróun þarf ekki endilega að vera neikvæð. Hún getur verið mjög jákvæð og einfaldað okkur lífið til muna. Í dag þykir t.d. ekkert tiltökumál að hringja myndsímtal í börnin og barnabörnin sem búsett eru utan landsteinanna, jafnvel í annarri heimsálfu, í gegnum Skype eða FaceTime. Þá þykir okkur ekkert tiltökumál að vinna hvar sem er í heiminum enda eru mörg störf nú unnin eingöngu í gegnum tölvu.

En auðvitað á tæknin líka sínar myrku hliðar og er ein birtingarmyndin sú að börn og ungmenni, jafnvel fullorðnir, fari ekki út úr húsi, stundi enga skipulagða hreyfingu og eigi nánast í engum mannlegum eða félagslegum samskiptum sem leiðir til einangrunar. Þetta hefur – eins og gefur að skilja – alls konar fylgikvilla í för með sér, s.s. vanlíðan, kvíða, þunglyndi og offitu sem getur aukið líkurnar á annarri áhættuhegðun.

Nýtum tæknina til góðs

Reykjavíkurborg og íþróttafélögin í borginni geta lagt sitt af mörkum í að snúa þessari þróun við og nýta tæknina til góðs.

Nú hafa rafíþróttir verið að ryðja sér til rúms víða á Norðurlöndunum. Rafíþróttir ganga út á að börn og unglingar mæli sér mót og æfi sig saman sem lið og einstaklingar í alls konar tölvuleikjum. Rafíþróttir eru þannig eins og hefðbundnar íþróttir í þeim skilningi að iðkendur hittast á æfingum og keppa svo sín á milli á mótum, sams konar mótum og íþróttamótum. Þetta eitt og sér fær ungmenni til þess að fara út úr húsi, hitta aðra einstaklinga og mynda nauðsynleg félagsleg tengsl.

Þá hefur þátttaka í skipulögðu hópastarfi jákvæðar afleiðingar almennt og læra ungmenni þar m.a. markmiðasetningu, sjálfsaga, ábyrgð og tilfinningastjórnun svo fátt eitt sé nefnt. Þetta rímar við það sem sést hefur í skipulögðu rafíþróttastarfi á Norðurlöndunum, þar sem iðkendur merkja aukna færni í félagslegum samskiptum, aukið líkamlegt hreysti og státa sig af betri árangri í leik og starfi.

Á síðustu árum hefur rannsóknum fjölgað til muna sem skoða jákvæð áhrif tölvuleikjaspilunar. Þannig hafa þessar rannsóknir sýnt fram á jákvæð áhrif á viðbragðstíma, rökhugsun og lausn vandamála meðal þeirra hópa sem spila tölvuleiki.

Rafíþróttir sem almennar íþróttagreinar

Í haust var haldin ráðstefna um rafíþróttir hérlendis, sem margir sérfræðingar á sviði tölvutækni sóttu. Á ráðstefnunni kom m.a. fram að víða á Norðurlöndunum séu rafíþróttadeildir innan íþróttafélaga orðnar mjög umsvifamiklar í starfsemi félaganna.

Í Danmörku njóta starfræktar rafíþróttadeildir mikilla vinsælda meðal iðkenda. Raunar hafa þær vaxið mjög hratt á síðustu árum enda njóta tölvuleikir sívaxandi vinsælda. Þar eru líkamlegar æfingar hluti af rafíþróttastarfinu. Þarlendis hefur þátttaka foreldra jafnframt verið mikil, s.s. eins og gerist og gengur í hefðbundnu sjálfböðastarfi innan íþróttahreyfingarinnar.

Í menningar-, íþrótt- og tómstundaráði Reykjavíkurborgar hefur tillöguflytjandi viðrað þá hugmynd að innleiða rafíþróttir inn í starf allra íþróttafélaganna í Reykjavík, ekki síst með það að leiðarljósi að koma í veg fyrir félagslega einangrun og auka félagsfærni barna og unglinga. Þessar hugmyndir hafa hlotið jákvæðar undirtektir í ráðinu enda allra hagar að snúa aðsteðjandi vandamálum í lausnir, þ.e. að snúa vörn í sókn. Þá gefst þessum hópi auk þess tækifæri á að kynnast örðum íþróttagreinum innan félaganna.

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að íþróttafélögin í Reykjavík fái aðstoð við að innleiða rafíþróttir. Þannig gætu íþróttafélögin í Reykjavík óskað eftir samstarfi við borgina og borgin aðstoðað við að byggja upp deildir innan íþróttafélaganna í Reykjavík.

Ítarefni:

1. <https://www.apa.org/pubs/journals/releases/amp-a0034857.pdf>
2. <https://www.healthline.com/health-news/video-games-saints-or-psychopaths-082814#1>
3. <https://journals.plos.org/plosone/article?id=10.1371/journal.pone.0186621>
4. <https://www.youtube.com/watch?v=duxWYK-UEiU>
5. <https://venturebeat.com/2017/09/28/how-esports-competitors-prepare-mentally-and-physically/>
6. <https://www.dw.com/en/science-shows-that-esports-professionals-are-real-athletes/a-19084993>